



Ljósmynd: Vigdís Elða Jónsdóttir

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu Hlíðasmári 1, Kópavogi

Þann 1. janúar 2015 voru embætti sýslumannsins í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði sameinuð í eitt embætti, Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu. Auglýst var eftir nýju húsnæði fyrir embættið í lok árs 2015 og varð Hlíðasmári 1 fyrir valinu. Það var byggt 2005 og er á fimm hæðum. Verulegar breytingar þurfti að framkvæma á húsinu þannig að það uppfyllti kröfur embættisins til þess, til dæmis í tengslum við afgreiðslu vegabréfa. Húsnæðið var tekið í notkun í áföngum í nóvember/desember 2016.

Verkkaupi:	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Ráðuneyti:	Innanríkisráðuneyti
Notandi:	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Umsjón, frumathugun, þarfagreining, húslýsing og ráðgjöf:	Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) Róbert Jónsson, verkefnastjóri FSR

Sýslumanna er fyrst getið hér á landi í handriti að sáttmála sem Íslendingar gerðu við Noregskonung 1262–1264 sem síðar var nefndur Gamli sáttmáli.

Leigusamningur / hönnunarferli ráðgjöf, umsjón og eftirlit:	Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR / Reginn hf. Róbert Jónsson, verkefnastjóri FSR Gunnar Sigurðsson, verkefnastjóri FSR Ármann Óskar Sigurðsson, verkefnastjóri FSR	
Leigusali:	Reginn hf.	
Tengiliður leigusala:	Birgir Guðmundsson	
Tengiliðir Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu:	Þórólfur Halldórsson Þuríður Árnadóttir	
Tengiliður fjármála- og efnahagsráðuneytis:	Hrafn Hlynsson	
Tengiliður innanríkisráðuneytis:	Pétur Fenger	
Hönnun á vegum leigusala:	Batterið Arkitektar ehf.	
Stærðir:	Hús:	2.958 m ² / 10.787 m ³
	Lóð:	3.656 m ²
	Bílastæði, hlutdeild:	a.m.k. 85 bílastæði
Leigusamningur:	Tímabundinn til 25 ára og óuppsegjanlegur nema aðilar verði sammála um annað. Hann gildir til 31. ágúst 2041. Leigusamningur var undirritaður í júní 2016.	
Leiguverð:	1.890 kr. á hvern fermetra. Leigan ber ekki vsk. Húsaleigan miðast við grunnvísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir desember 2015 eða 430,9 stig.	
Afhending húsnæðis:	Fyrri hluti í nóvember 2016 og seinni hluti í desember 2016.	

Stjórnsýsla sameinaðs sýslumannsembættis á höfuðborgarsvæðinu nær yfir sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Sameiningin

hefur samlegðaráhrif í för með sér og veitir meðal annars tækifæri til að bæta þjónustu embættisins við viðskiptavini sína.

